

**15. fundur skólanefndar haldinn að Hlíðarvegi 6,
6. apríl 2017 og hófst hann kl. 14:00**

Fundinn sátu:

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir Formaður, Þuríður Helgadóttir aðalmaður,
Þuríður Pétursdóttir aðalmaður, Einar Jónsson aðalmaður, Ingibjörg Helga
Jónsdóttir leikskólastjóri, Sólveig Jónsdóttir skólastjóri, Hulda Björk
Marteinsdóttir fulltrúi foreldrafélags og Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri

Dagskrá:

1. Skútustaðahreppur: Stefnumótun í málaflokkum - 1702025

Samkvæmt bókun á 52. fundi sveitarstjórnar frá 8. mars 2017 var samþykkt að skólanefnd fari í gerð skólastefnu fyrir öll skólastig og verði tilbúin 20. september n.k. Til grundvallar liggja leiðbeiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga um mótun skólastefnu í sveitarfélögum.

Samþykkt samhljóða að eftirfarandi aðilar skipi stýrihóp sem haldi utan um verkefnið: Sveitarstjóri, skólastjóri, leikskólastjóri, formaður skólanefndar og fulltrúar foreldra frá bæði leikskóla og grunnskóla.

Áætlað er að halda íbúafund 26. apríl n.k. í tengslum við skólastefnuna.

2. Leik- og grunnskóli: Foreldrasamstarf - 1704003

Rætt um samstarf foreldrafélags og grunn- og leikskóla og hugmyndir til að efla það.

Aðalfundur foreldrafélagsins verður í vor og stefnt að því að bjóða upp á fræðslerindi í tengslum við hann.

3. Reykjahlíðarskóli: Útboð á skólaakstri - 1703010

Samningar um skólaakstur fyrir Reykjahlíðarskóla renna út í vor. Þá hefur borist erindi um hvort til greina komi að bjóða upp á akstur fyrir leikskólabörn gegn gjaldi. Skólanefnd samþykkir að skoða málið betur og kanna vilja foreldra og reynslu af slíku fyrirkomulagi í öðrum sveitarfélögum.

Jafnframt samþykkir skólanefnd sbr. 3. gr. reglugerðar 656/2009 um skólaakstur í grunnskóla að fyrir næsta fund verði lagðar fram reglur um skólaakstur í Skútustaðahreppi.

4. Reykjahlíðarskóli og tónlistarskóli: Tímasetning viðburða - 1704004

Umræður um tímasetningu viðburða á vegum tónlistarskóla og foreldrafélagsins í samhengi við mismunandi vinnutíma nemenda og foreldra.

Nefndin leggur til að þessir hagsmunir verði hafðir til hliðsjónar þegar tímasetning viðburða er ákveðin.

5. Reykjahlíðarskóli: Bókun 1 - 1704002

Hverju sveitarfélagi var falið að greina ítarlega breytingar á starfsumhverfi kennara sem fylgdu kjarasamningi árið 2014 s.s. vegna breytinga á vinnutímakafli og framkvæmd vinnumats sem innleitt var í grunnskólum, svokölluð bókun 1.

Verkefnið var unnið samkvæmt aðgerðaráætlun sem undirbúin var með hliðsjón af vegvísi samstarfsnefndar þannig að hún verði í meginatriðum samræmd milli

sveitarfélaga. Við gerð aðgerðaráætlunar var haft samráð við skólastjóra. Niðurstöður skal nýta til að gera umbætur á framkvæmd skólastarfs innan ramma gildandi kjarasamnings. Allir fimm grunnskólakennarar Reykjahlíðarskóla tóku þátt í þessari vinnu ásamt skólastjóra. Sveitarstjóri var fulltrúi sveitarstjórnar. Sveitarstjóri fór yfir minnisblað með drögum að umbótaáætlun fyrir Reykjahlíðarskóla sem var afrakstur þessarar vinnu.

Lokaútgáfa umbótaáætlunarinnar verður lögð fyrir sveitarstjórn 26. apríl n.k.

6. Reykjahlíðarskóli: Frístundastarf - 1702012

Tillaga um skipulag frístundastarfs var send til umsagnar hjá foreldrum/forráðamönnum í 1.-6. bekk. Tillaga skólastjóra og sveitarstjóra var eftirfarandi:

“Sveitarstjórn og skólanefnd hefur falið undirrituðum að fylgja eftir og koma með tillögum að frístundaheimili í Reykjahlíðarskóla í samræmi við breytingar á lögum um grunnskóla. Þar segir m.a.:

“Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins. Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.”

Þá kemur fram í lögnum að ráðuneytið mun að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga gefa út viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.

Sveitarfélögum er jafnframt heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega.

Tillaga:

Frístundastarf er nú fyrir hendi einu sinni í viku að loknum skóla á miðvikudögum, í samstarfi við Íróttá- og ungmennafélagið Mývetning, fyrir 1. - 4. bekk. Eindreginn vilji er til þess að halda því góða samstarfi áfram. Þá eru nemendur í skólastarfi samkvæmt stundaskrá á þriðjudögum til kl. 15.10.

Þessu til viðbótar leggjum við til að bjóða upp á frístundastarf fyrir 1.- 4. bekk einnig á mánudögum og fimmtudögum að loknum skóla, til kl. 15:10.

Samtals yrði því boðið upp á fimm kennslustundir (40 mín. stundir) á viku aukalega sem skilgreint er sem frístundastarf, auk þeirra tveggja stunda sem hafa verið áður í samstarfi við Mývetning. Samtals eru þetta því sjö stundir á viku fyrir 1.-4. bekk. Jafnframt yrði boðið upp á frístundastarf á fimmtudögum fyrir 5 - 7. bekk að loknum skóla, eða til kl. 15:10 (2 kennslustundir).

Með þessu skipulagi yrðu allir nemendur í skólanum frá kl. 8:30 - 15:10 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 12:50, hádegismatur meðtalinn.

Skólabílar keyra börnin, þar sem við á, í skólann á morgnana og heim kl. 15:10 og á föstudögum kl. 12:50. Ekki yrði boðið upp á aðrar ferðir. Að sjálfsögðu gætu foreldrar sótt börn sín fyrir þegar þeir vilja.

Í frístundastarfinu er ætlunin að verði metnaðarfullt starf í samræmi við viðmið um gæði starfsins, þ.e. hreyfing bæði úti og inni, ýmis konar listsköpun, spil og leikir. Þessi þjónusta mun verða gjaldfrjál og skólastjóri mun stýra verkefninu. Starfsfólk á vegum grunnskólans heldur utan frístundastarfið, m.a. í samstarfi við Mývetning. Skrá þarf börnin í frístundastarfið til þess að geta skipulagt starfsmannahald. Athugið að þetta er þróunarverkefni sem endurskoðað yrði reglulega. “

Alls bárust umsagnir frá tíu forráðamönnum, flestar jákvæðar. Í umsögununum var til

viðbótar fyrri hugmyndum lögð áhersla á að veitt yrði aðstoð við heimanám. Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan um frístundastarf verði samþykkt til reynslu. Í þeim tilfellum þar sem nemendur eru ekki skráðir í frístund stendur skólaakstur til boða að loknum skóladegi.

7. Reykjahlíðarskóli: Skóladagatal og starfsáætlun 2017-2018 - 1704005

Skólastjóri lagði fram skóladagatal fyrir skólaárið 2017-2018.

Nefndin samþykkir skóladagatalið.

Skólastjóri lagði fram tillögu að kennslustundamagni fyrir skólaárið 2017-2018.

Áætlað er að nemendafjöldi verði 32.

Vikulegur kennslustundafjöldi nemenda skólaárið 2017 - 2018 verður sá sami og í ár.

1.-4. bekkur á að fá 30 kennslustundir á viku

5.-7. bekkur á að fá 35 kennslustundir á viku

8.-10. bekkur á að fá 37 kennslustundir á viku

Lagt til að:

1.-4. bekkur verði námshópur með tvo umsjónakennara.

5.-7. bekkur verði námshópur með einn umsjónakennara.

8.-10. bekkur verði námshópur með einn umsjónakennara.

Kennslustundamagn fyrir allan skólann verði 145 kennslustundir á viku og 15 kennslustundir til sérkennslu. Samtals 160 kennslustundir á viku. Um er að ræða aukningu um eitt stöðugildi á milli skólaára sem rúmast innan fjárhagsáætlunar 2017.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt.

Þá óskar skólastjóri eftir því að fá að ráða námsráðgjafa í 10% starf við skólann.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt.

Varðandi skólaakstur er vísað til liðar nr. 3 í fundargerðinni.

8. Reykjahlíðarskóli: Erlent samstarf – 1704006

Frestað til næsta fundar.

9. Samstarfssamningur: Félagsþjónusta/skólapjónusta - 1612035

Lögð fram samningsdrög um samvinnu Skútustaðahrepps og fleiri sveitafélaga við Norðurþing á sviði sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og velferðarþjónustu.

Skólanefnd samþykkir samninginn samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00

Manna-Katrín Þórunn

Silvía Jónsdóttir

Fundur Halgadóttir

Skulda Björke Martensd.

Þuríður Péttersdóttir

Steinn Gunn

Einna Jónsdóttir
